

83 Söfnunarsjóðurinn greiðir ellistyrktarsjóðina með skuldabréfum, sem tryggð
11. júní eru með 1. veðrétti í fasteignum, og skuldabréfum, sem sveitar- og bæjarfélög hafa gefið út með tryggingu í eignum sínum og tekjum, eftir nánara samkomulagi við Tryggingarstofnun ríkisins.

2. gr

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

84
11. júní

- L Ö G

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. málgr. 10. gr. laga nr. 81 23. júní 1936 bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Við kosningar í hreppum mega þó frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hlutaðeigandi hreppsnefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.